

119

25. nóv.

AUGLÝSING

um aðflutningsgjald af kassaefni um fisk til útflutnings.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir ákveðið að nota heimild 22. gr. XII. fjárlaga fyrir árið 1939 og innheimta frá þessum tíma til ársloka 1939 aðflutningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið annað meir en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Jafnframt verður endurgreiddur mismunur á aðflutningsgjöldum, sem innheimt hafa verið af slíkum kassaefnum á þessu ári, og aðflutningsgjöldum, sem innheimt hefðu verið af kassaefnum, ef þau hefðu verið reiknuð sem um almennan trjávið hefði verið að ræða.

Þetta er hér með birt almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

120 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Vegasjóð Fellahrepps, útgefin á 26. nóv. venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. nóvember 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vegasjóð Fellahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vegasjóður Fellahrepps“ og er stofnaður með kr. 2000 af andvirði seldra tófuyrðlinga árið 1929.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera það, að hjálpa til að leggja vegi færa bifreiðum um Fellahrepp og viðhalda þeim eftir því, sem tekjur hans leyfa. Framlög úr sjóðnum til vegabóta, móti framlagi sýslu- eða rikissjóðs, gangi fyrir framlagi hreppsþúa.

3. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum, áheitum og fleiru.

4. gr.

Nú þegar má verja hálfum vöxtum sjóðsins í þágu veganna, en þegar vextirnir eru orðnir kr. 300.00, má verja $\frac{2}{3}$ vaxtanna til veganna. Hinn hluti vaxtanna og aðrar tekjur sjóðsins, skulu ávallt leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Sveitarstjórn Fellahrepps skal annast ávöxtun vegasjóðsins, reikningshald hans og bera ábyrgð á honum eins og öðrum eignum hreppsins. Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að fé sjóðsins sé ávallt á tryggum stað, svo sem í Landsbanka Íslands, banka-